

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 20. febrúar 2025

Efni: Endurskoðun fyrirkomulags eftirlitskerfis með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds máls, sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 6. febrúar sl.

1. Tillögur starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum

FA tekur í öllum meginatriðum undir helztu tillögur starfshópsins um samþætta leyfisútgáfu á einum stað, samræmt eftirlit um allt land og að eftirlit taki mið af áhættu þannig að dregið verði úr afskiptum af rekstri með litla áhættu. FA hefur einkum þótt skorta á það síðastnefnda, en fjöldi félagsmanna FA er eftirlitsþegar í þessu samhengi.

2. Gjaldtaka fyrir sýnatökur vegna varnarefnaleifa í matvælum

Félagið vill enn og aftur nota tækifærið og taka sérstaklega upp við ráðuneytið einn þátt eftirlits með matvælum, sem er gífurlega hár kostnaður fyrirtækja af völdum sýnatöku vegna eftirlits með varnarefnaleifum í matvælum. Málið er ráðuneytinu vel kunnugt og ætti að nægja að vísa til bréflægra erinda FA til ráðuneytisins (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og síðar matvælaráðuneytis) dags. 1. september 2020, 9. desember 2020, 27. apríl 2021 og 4. marz 2022, tölvupósta til ráðuneytisins 26. október, 20. nóvember og 30. nóvember 2020, 17. febrúar og 28. september 2021, 29. marz, 12. ágúst, 30. ágúst og 5. september 2022 og 10. september 2024. Félagið vísar ennfremur til funda með ráðuneytinu og Matvælastofnun 20. október 2020 og með ráðuneytinu 18. október 2021 og 18. september 2024.

Margir félagsmenn FA sæta árlega eftirliti samkvæmt sýnatökuáætlun MAST vegna rannsókna á varnarefnaleifum í matvælum. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna taka sýnin og rukka fyrir þá þjónustu skv. opinberri gjaldskrá en ríkisfyrirtækið Matis, sem er tilnefnt opinber rannsóknastofa í fjölda flokka samkvæmt vef MAST, framkvæmir rannsóknirnar samkvæmt samningi við matvælaráðuneytið. Matis er í einokunarstöðu varðandi slíkar sýnatökur hér á landi. Kostnaður vegna rannsókna á hverju sýni var á síðasta ári kominn yfir 130 þúsund krónur. Í tilviki einstakra fyrirtækja getur kostnaðurinn hlaupið á milljónum. FA hefur í samskiptum sínum við ráðuneytið sýnt fram á að gjaldtaka Matis fyrir sýnatökur er margfalt hærri en hjá sambærilegum rannsóknastofum í nágrannalöndunum og hefur tekið miklum hækkunum á undanförunum árum.

FA telur rétt að ítreka enn einu sinni að félagið telur algjörlega óviðunandi, ekki sízt í umhverfi þar sem bókstaflega allur kostnaður fyrirtækja tekur miklum hækkunum, að íslenskum

matvælaframleiðendum og -innflytjendum sé gert að sæta þessari gjaldtöku af hálfu ríkisfyrirtækis í einokunarstöðu, þegar aðrir kostir eru augljóslega í boði. Ráðuneytið hefur endurtekið sagzt sýna því skilning að bjóða þurfi umrædda þjónustu út á Evrópska efnahagssvæðinu til að lækka kostnað fyrirtækja af eftirlitinu, en sú vinna hefur að mati félagsins gengið alltof hægt. Vonandi verður nú loksins hægt að ganga í málið, um leið og endurbætur verða gerðar á eftirlitskerfinu í heild.

FA vill jafnframt vekja athygli ráðuneytisins á því að gjaldskrá Matís er ekki aðgengileg á vef fyrirtækisins. Gjaldtaka fyrir sýnatökur sem eru hluti af opinberu eftirliti er að sjálfsögðu hluti af opinberum eftirlitskostnaði og ber að birta gjaldskrá fyrir hana opinberlega þannig að hún sé eftirlitsþegum aðgengileg, að öðrum kosti leikur vafi á lögmæti gjaldtökkunnar. Um það efni vísast til nánari umfjöllunar í 5. kafla skýrslu sem unnin var fyrir FA, [Eftirlitsgjöld á atvinnulífið: Eru eftirlitsgjöld ríkisins lögmæt, sanngjörn og haqkvæm?](#) FA hefur sent Matís ítrekaðar ábendingar vegna þessa skorts á birtingu gjaldskrár en fyrirtækið ekki brugðizt við. Gefnar hafa verið skýringar á borð við þær að gjaldskráin hafi dottið út við uppfærslu á vefnum, en ekkert bólað á úrbótum.

FA leggur mikla áherzlu á að þessu máli verði komið í viðunandi farveg. Félagið er að sjálfsögðu reiðubúið að funda áfram um málið með ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA